**Bekkur: 9.bekkur**

**Námsgrein: Íslenska**

**Kennarar: Sigríður Arnardóttir og Guðný Jórunn Gunnarsdóttir**

**Tímafjöldi: 4 klst**

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**
Ýmis málfræðihefti og bækur.
Kvikmyndir
Vinnubækur og verkefnabækur
Ýmsar bókmenntir

**Lykilhæfni:**
**Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og bókmenntir | Að nemandi:<br>• þjálfist í notkun orðabóka og annarra uppflettirita og þjálfist í heimildaöflun á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu.<br>• þekki mun á óhefðbundnum og hefbundnum ljóðum og geti túlkað ljóð.<br>• þekki hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, persónusköp og aðal- og aukapersónur.<br>• geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða og hugtaka.<br>• þjálfist í að lesa, túlka, meta og fjalla um fjöklbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og geri sér grein fyrir gildi bókmennta.<br>• auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málsskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili.<br>• þekki hugtökin rím, braglína, myndmál, hrynjandi.<br>• lesi tvær til þrjár skáldsögur og geri grein fyrir efni þeirra skriflega eða munnlega.<br>• sýni frumkvæði, sjálfstæði og frumleika í vinnubrögðum.<br>• þjálfist í að beita nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.<br>• lesi og ræði um ýmsa lausamálstexta svo sem smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum eða þáttum. | • Heimalestur, tímalestur, samlestur, umræður og hópavinna.<br>• Innlögn á bókmenntahugtökum, lestur og verkefnavinna. | • Ýmsar kannanir<br>• Skrifleg verkefni<br>• Frjáls verkefnaskil<br>• Ritgerðir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • geti lesið á gagnrýnan hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið og gert grein fyrir henni.<br>• geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af öryggi.<br>• þjálfist í að greina og skilja aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggva sig á tenglsum efnisatriða<br>• þjálfist í að vinna úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlki þær, tengja saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýti sér. | | |
| Ritun og stafsetning | • nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinamerkjasetningu.<br>• geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á.<br>• velji og skrifi mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beiti mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br>• þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta.<br>• geti unnið úr ýmsum heimildum og læri undirstöðuatriði heimildaritunar.<br>• geti skipt texta í efnisgreinar, málsgreinar og setningar af öryggi.<br>• geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu og tilfinningar og hugsanir. | • Nemendur vinna í ýmsum ritunarverkefnum. Nemendur þjálfi stafsetningu með fjölbreyttum stílum og upplestri. | • Ritunarverkefni og kannanir í stafsetningu. |
| Málfræði | • átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og á því í hverju sú flokkun felst.<br>• geti greint hætti sagna og myndir.<br>• þekki hugtök svo sem víðtækur og sértækur, gildishlaðinn og hlutlaus, hlutstæð orð og óhlutstæð.<br>• þekki beyingaratriði fallorða t.d. kyn, tala, fall, sterk og veik beyging o.s.frv.<br>• þekki áhrifs- og áhrifslausar sagnir og einnig sjálfstæðar og ósjálfstæðar, hjálpar - og aðalsagnir, persónulegar og ópersónulegar sagnir.<br>• þekki muninn á einhljóði og tvíhljóði.<br>• geti fundið nútíð og þátíð sagnorða og þekki muninn á sterkum og veikum sögnum og blönduðum sögnum.<br>• geti fundið stofn orða, rót ,viðskeyti, forskeyti og beygingarendingu. | • Þjálfist í fjölbreyttri verkefnavinnu sem eflir tilfinningu fyrir málinu.<br>• Nemendur vinna með orðflokka frá helstu einkennum þeirra og margvíslegri verkefnavinnu.<br>• Lögð er mikil áhersla á vandaðan frágang verkefna. | • Málfræðikannanir<br>• Verkmappa |
| Talað mál, hlustun og áhorf | • læri að hlusta af virðingu á aðra hvort sem um upplestur eða samræður er að ræða.<br>• öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum við hæfi. | • Nemendur búa til efni og flytja í jólaútvarpi.<br>• Nemendur ræða og vinna verkefni um efni | • Framsögn<br>• Hlustun<br>• Frjálsverkefnaskil |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • þjálfist í aðferðum sem hann hefur lært til að taka virkan þátt´i samvinnu, samræðum og rökræðum, tjái skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstyðji þær og velji þeim miðli sem hentar.<br>• geti tjáð sig frjálslega frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum.<br>• tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða.<br>• nýti sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og þjálfiast í að taka afstöðu til þess sem þar er birt.<br>• þjálfist í framsögn og upplestri með aðstoð upptökutækja (snjalltækja).<br>• þjálfist í að hlusta á upplestur ýmis konar bókmenntaefnis. | sem þeir hafa lesið, horft eða hlustað á.<br>• Nemendur gera grein fyrir skoðunum á ákveðu efni. | |
| Lykilhæfni – tjáning og miðlun | • geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.<br>• geti notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni.<br>• geti nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni. | | |
| Lykilhæfni – sjálfstæði og samvinna | • geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.<br>• geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.<br>• geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.<br>• geti verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum. | | |
| Lykilhæfni - nýting miðla og upplýsinga | • geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.<br>• geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lykilhæfni - ábyrgð og mat á eigin vinnu | • geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.<br>• geti skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri. | | |